

Paraíbúðir skulu vera með litla eldhúsinnréttingu í alrými (sjá hér að neðan), aflokanlegu svefnherbergi sem rúmar tvíbreitt rúm og baðherbergi með salerni, handlaug og sturtu. Ef ekki er gluggi á baðherbergi skal vera góð vélræn loftræsting. Innréttingar skulu vera plastlagðar með „viðarlíki“ en innvols úr gráu plasti. Allar lamir og skúffubrautir skulu vera hæglokandi og af bestu gerð. Borðplötur, höldur á skápa og skúffur skulu vera valdar í samráði við verkkaupa.

Innihurðir skulu vera af vandaðri algengri gerð, 80cm breiðar eða breiðari, ef nota á rennihurðir skulu þær vera utan á vegg í kapp og þ.a.l. falla ekki inn í vegg. Gólf skal vera klætt vönduðu gólfefni sem uppfyllir hljóðvistarkröfur, litarval og gerð er háð samþykki FS. Veggir og loft skulu vera slétt og máluð með gljástigi 20. Gluggar skulu vera opnanlegir. Þá skal lýsing vera tvískipt, anddyri og alrými. Rafmagns-, síma-, loftnets- og tölvutenglar skulu vera þar sem við á, fjöldi tengipunkta skal vera nægjanlegur að mati FS. Setja skal upp myndalista á alla ónotaða sletta veggfleti sem eru 1,0m eða stærri.

Alrými: Reikna skal með í anddyri við inngang einum lokuðum 50 cm skáp fyrir hreinlætisáhöld / ræstivörur, þ.e. ryksugu og þess háttar, einum 50 cm opnum skáp fyrir útifatnað með slá og hillu. Í framhaldi af framangreindu komi þrjár 50 cm lokaðir fataskápar. Einn skápur skal vera með slá og hillu fyrir ofan, en hinir með skúffum að hálfu leyti og hillum fyrir ofan. Skápar skulu vera plastlagðir með „viðarlíki“, innvols úr gráu plasti. Þessir skápar nái upp í loft. Leggja skal innréttingateikningar fyrir FS til samþykkis fyrir smíði og áskilur FS sér rétt til að breytinga á innvolsi skápa án sérstakrar greiðslu.

Eldhúsinnrétting: Í eldhús komi u.þ.b. 300 cm eldhúsinnrétting með 60cm ísskáp (165cm háum eða hærri) með frystihólfi., tveggja hólfa 60cm vaski með blöndunartækjum og 60 cm, 4 helluborð og bakarofni, ásamt viftu, dýpt 60 cm. Efri skápar 35 cm djúpir komi upp í loft. Rými skal vera fyrir örbylgjuofn í efri skáp og borðplata plastlögð (Eagger eða sambærilegt). Skúffuskápur með hnífaparaskúffu og skal hnífaparabakki fylgja. Allar lamir og skúffubrautir skulu vera hæglokandi og af bestu gerð. Flísar/glerplata skulu vera milli neðri og efri skápa og LED lýsing undir efri skápum. Fjórir rafmagnstenglar fyrir önnur rafmagnstæki.

Baðherbergi skal vera með innbyggðum kassa (Gerber) fyrir vegghengt salerni, lfö eða sambærilegt. Gólf í baðherbergjum skal vera flísalagt með sannarlegum halla að niðurföllum (ekki sturtuklefi). Veggir í sturtu flísaleggist í hæðinni í efri brún gerkis eða karms eftir því sem við á. Vaskur í eða framan á borði, niðurfali á gólfi við vask. Slá fremst í sturtu með hengi, hitastýrð blöndunartæki, Mora eða sambærilegt, baðskápur með spegli, a.m.k. 60x90x12 cm fyrir ofan vask með tvískipri hurð. Hurð inn á baðherbergi skal vera staðsett þannig að vatn frá sturtu nái ekki til hennar að öllu jöfnu. Flísaleggja skal á milli vasks og baðskáps. Slár og snagar fyrir handklæði, 2 stk við handlaug og 2 stk við sturtu. Veggir með háu gljástigi. Jafn halli skal vera að niðurfalli í sturtu þannig að 20mm halli sé frá aðalgólfi íbúðar að niðurfalli. Verktaki skal miða við að 6-8mm stallur sé á mótum sturtusvæðis og baðherbergisgólfs (flísar látnar mislanda). Rafmagnstengill skal vera við vask.

Svefnherbergi skal vera hægt að koma fyrir rúmi a.m.k. 140 cm breidd. Í herberginu skal vera innbyggður skápur 4 stk 60 cm, dýpt 60 cm upp í loft. Tveir skápana skulu vera með slám og hillu fyrir ofan, en tveir með skúffum að hálfu leyti og hillur fyrir ofan. Skápar skulu vera plastlagðar með „viðarlíki“, innvols úr gráu plasti. Allar lamir og skúffubrautir skulu vera hæglokandi og af bestu gerð.

Rafmagns-, síma-, loftnets- og tölvutenglar skulu vera þar sem við á og af nægum fjöldi.

DRÖG